

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 228/2021

2024/EES/13/40

frá 28. júlí 2021

um breytingu á bókun 31 við EES-samninginn um samvinnu á
sérstökum sviðum utan marka fjórþætta frelsisins

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 86. gr. og 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Rétt er að auka umfang samstarfs aðilanna að EES-samningnum þannig að það taki til reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2021/697 frá 29. apríl 2021 um að koma á fót evrópska varnarsjóðnum og um niðurfellingu reglugerðar (ESB) 2018/1092 ⁽¹⁾.
- 2) Rétt er að þátttaka EFTA-rikkanna í starfsemi sem leiðir af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2021/697 hefjist frá 1. janúar 2021, óháð því hvenær þessi ákvörðun er samþykkt, eða því hvort tilkynnt er eftir 10. júlí 2021 að stjórnskipuleg skilyrði ef þau eru til staðar að því er þessa ákvörðun varðar, hafi verið uppfyllt.
- 3) Aðilar með staðfestu í EFTA-rikkjunum skulu eiga rétt til þátttöku í starfsemi sem hefst áður en þessi ákvörðun öðlast gildi. Kostnaður sem fellur til vegna slíkrar starfsemi, sem kemur til framkvæmda eftir 1. janúar 2021, kann að teljast hæfur með sömu skilyrðum og þeim sem gilda vegna kostnaðar sem fellur til hjá aðilum með staðfestu í aðildarríkjum ESB, að því tilskildu að þessi ákvörðun öðlist gildi áður en viðkomandi aðgerð lýkur.
- 4) Skilyrði þátttöku EFTA-rikkanna og stofnana þeirra, fyrirtækja, samtaka og ríkisborgara í áætlunum Evrópusambandsins eru sett fram í EES-samningnum, einkum 81. gr. samningsins.
- 5) Því ber að breyta bókun 31 við EES-samninginn til samræmis við þetta, svo aukið samstarf geti hafist frá 1. janúar 2021,

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

1. gr.

Eftirfarandi er bætt við 5. mgr. 1. gr. bókunar 31 við EES-samninginn:

„— **32021 R 0697**: Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2021/697 frá 29. apríl 2021 um að koma á fót evrópska varnarsjóðnum og um niðurfellingu reglugerðar (ESB) 2018/1092 (Stjttð. ESB L 170, 12.5.2021, bls. 149).

Kostnaður sem fellur til vegna starfsemi sem kemur til framkvæmda eftir 1. janúar 2021 kann að teljast hæfur frá og með upphafsdegi viðkomandi aðgerðar sem ákveðin er í styrksamningi eða viðkomandi ákvörðun um styrk, með þeim skilyrðum sem þar koma fram, að því tilskildu að ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 228/2021 frá 28. júlí 2021 öðlist gildi áður en aðgerðinni lýkur.

Ísland og Liechtenstein skulu undanþegin þátttöku í þessari áætlun og því að veita fjármagn til hennar.“

2. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi daginn eftir að síðasta tilkynning, samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins, hefur farið fram (*).

Hún kemur til framkvæmda frá 1. janúar 2021.

⁽¹⁾ Stjttð. ESB L 170, 12.5.2021, bls. 149.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

3. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 28. júlí 2021.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Per Sjaastad

formaður.

Yfirlýsing EFTA-ríkjanna

vegna ákvörðunar nr. 228/2021 um frá 28. júlí 2021 um breytingu á bókun 31 við EES-samninginn um að auka samstarf samningsaðilanna þannig að EFTA-ríkin taki þátt í evrópska varnarsjóðnum

Með ákvörðun þessari er samstarf samningsaðilanna aukið svo það taki til þátttöku EFTA-ríkjanna í evrópska varnarsjóðnum. EFTA-ríkin telja að varnarmál falli utan við gildissvið EES-samningsins og því víkkar samþykkt þessarar ákvörðunar ekki gildissvið EES-samningsins svo það taki til varnarmála, umfram þátttöku EFTA-ríkjanna í evrópska varnarsjóðnum. EFTA-ríkin leggja einnig áherslu á að Ísland og Liechtenstein muni ekki taka þátt í og muni ekki veita fjármagn til evrópska varnarsjóðsins.